

## Ársskýrsla Samtaka í upplýsingatækni – SUT, starfsárið 2020-2021

Við lok starfsárs 2020-2021 eru innan SUT, Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, 46 fyrirtæki, bæði stór og smá, sem starfa á fjölbreyttum vettvangi upplýsingatækniðnaðar.

Stjórnin hefur haldið alls fjóra fundi á starfstímanum.

SUT er á einnig tvo fulltrúa í Hugverkaráði, það eru þau Tryggva Hjaltason, sem jafnframt er formaður ráðsins og Soffía Kristín Þórðardóttir.

Það litaði nokkuð starfsárið að fjórir af sex stjórnarmönnum hurfu til annarra starfa á árinu og því varð ekki nógu mikil samfella í starfi stjórnar.

Starfsárið hefur mótast af að mörg þeirra baráttumálum sem hafa verið á oddinum undanfarin ár, eru komin í góðan farveg. Þar má nefna m.a. Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland, en hún leit dagsins ljós í haust. Fyrrum stjórnarformaður SUT Ragnheiður Magnúsdóttir og Tryggvi Hjaltason áttu stóran þátt í þeirri vinnu ásamt öðru góðu fólki úr SI og annars staðar að. Í því sambandi má nefna að 2020 er ár Nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins og var því hleypt af stað með glæsibrag í janúar.

Áhersla var sett í að átta sig á hlutverki SUT í stóru myndinni sem annars vegar er undir regnhlíf Hugverkaráðs og hins vegar sem hluti af Samtökum iðnaðarins. Tilgangur SUT; þ.e. að þróa og kynna UT fyrirtæki þannig að UT verði einn áhugaverðasti iðnaður landsins, setti tóninn, og er það mjög í takt við þau verkefni sem unnin eru undir regnhlíf Hugverkaráðs og Samtakanna, sbr. Nýsköpunarárið 2020.

Lögð var sérstök áhersla á að skýra áherslur og forgangsverkefni SUT með því að markmiði að hafa í huga sameiginlega hagsmuni félagsmanna SUT og ná betur utan um þá.

Sett voru fram áherslumál fyrir árið 2019 er snéru að; breytingum á starfsemi Ríkiskaupa sem þá voru í farvatninu, hvernig SUT geti greitt fyrir aðkomu íslenskra UT fyrirtækja að útboðsverkefnum sem tengjast alþjóðastofnunum eins og NATO að SUT taki frumkvæði að því að setja sér háttnerisreglur gagnvart GDPR

Þessi mál eru í áframhaldandi vinnslu.

Virði SUT, sem hagsmunafélag UT fyrirtækja og sem hluta af Hugverkaráði og Samtökum iðnaðarins er ótvírætt. Okkar verk er að koma þeirri vitneskju á framfæri við félagsmenn og tryggja að þeir njóti góðs af þátttöku sinni í samtökunum.